

Nd. **80. Frumvarp til laga** [78. mál]
um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Flm.: Magnús H. Gíslason, Stefán Valgeirsson, Tómas Árnason,
Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Siðari málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árunum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgburkkunartækjum með mótör og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk $\frac{1}{3}$ kostnaðar eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanlega vél að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótör. Á sama tímabili skal veita styrk út á slátturtætara, $\frac{1}{3}$ af kaupverði.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ríkisframlag vegna þeirra framkvæmda, sem taldar eru í stafliðum a., b. og c., svo sem hér segir:

- a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðursræktunar (sbr. 10. gr. III. a.) kr. 2400.00 pr. ha.
- b. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis (sbr. 10. gr. III. e.) kr. 2400.00 pr. ha.
- c. Votheyshlóður úr varanlegu efni (sbr. 10. gr. VII. b.) kr. 180.00 pr. m².

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag samkvæmt þeim á árinu 1971 vegna framkvæmda, sem þau taka til og gerðar eru á árinu 1970.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum tímabundnum framlögum, sem eru miðuð við það að draga úr því mikla tjóni, sem bændur hafa orðið fyrir af völdum kalskemmda, og hamla gegn því, að jarðir fari í eyði af þeim sökum.

Á meðan þekking okkar eykst ekki á orsökum gróðurdaudans og hvernig hægt er að koma í veg fyrir hann, verður ekki hjá því komizt að stórauka grænfóðursræktun og gera hana almennari, en það leiðir af sér, að auka þarf þá votheysgerð, a. m. k. þar til hraðþurrkun ryður sér til rúms, en rannsóknir á því sviði eru enn á frumstigi. Af þessum ástæðum leggjum við til, að þessi aukna aðstoð verði öll ákvæði til bráðabirgða.

1. Að það aukaframlag, sem verið hefur til að koma upp súgþurrkunartækjum, standi áfram óbreytt, en það átti að falla úr gildi á þessu ári.
2. Að styrkur verði veittur út á slátturtætara, $\frac{1}{3}$ af kaupverði.
3. Styrkur á frumvinnslu lands vegna grænfóðursræktunar hækki úr 800 kr. í 2400 kr.
4. Styrkur til endurvinnslu vegna kals eða þýfis hækki úr 1225 kr. í 2400 kr.
5. Styrkur til byggingar votheysgeymslna hækki úr 60 kr. m² í 180 kr. m².

Farnaður íslenzks landbúnaðar er flestu öðru fremur undir því kominn, hversu til tekst með innlenda fóðuröflun ár hvert. Sé unnt að afla nægs og góðs fóðurs, er mikilsverð og ómissandi trygging fengin fyrir góðri efnahagsafkomu bóndans, berist honum ekki að höndum einhver stór áföll, annarrar tegundar. Bregðist hins vegar fóðuröflun, er ávallt vá fyrir dyrum og hún því meiri og afdrifaríkari sem fleiri slík óhappaár ganga yfir, hvert á fætur öðru.

Nú hefur það hent undanfarin ár, að grasspretta á tünnum hefur að miklu leyti brugðizt í heilum landshlutum. Hefur víða svo rammt að kveðið vegna kalskemmda, að gróður hefur með öllu horfið af stórum svæðum hins ræktaða lands. Sérfróðir menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að í sumum tünnum hafi gróður eyðzt að 95 hundraðshlutum. Verst hefur ástandið verið á Austfjörðum, Norðausturlandi og Vestfjörðum, en einnig hefur mjög mikið borið á kalinu í ýmsum sveitum á Norðvesturlandi, og raunar hefur það valdið verulegum búsisfjum í öllum landshlutum. Bændur, sem standa frammi fyrir þessum ógnvaldi ár eftir ár, eiga ekki annars úrkosta en að ganga frá búum sínum meira og minna slyppir og snauðir og láta ævistörf sín eftir í sviðinni jörð og verðlitlum byggingum, nema skilningur og aðstoð hins opinbera komi til.

Viðurkenna ber, að ýmislegt hefur verið gert til þess að grafast fyrir um orsakir gróðureyðingarinnar, en um árangursríkar mótaðgerðir verður naumast að ræða, nema rætur meinsins séu þekktar. Án alls efa leggjast hér ýmsar orsakir á eina sveif. Staðreynd er, að veðurfar hefur farið hér kólnandi á síðustu árum, en þó ekki svo, að nein úrslitaáhrif ætti að hafa, ef annað væri með felldu. Innlendu túngrösin,

„kynbætt af þúsund þrautum“, hafa líka mun betur haldið velli en hin innfluttu, sem nú eru orðin megingróðurstofninn í miklum meiri hluta íslenzkra túna, en reynast þola illa viðmót íslenzkrar veðráttu og hafa víða veslazi upp á fáum árum. Sumir kenna um misheppnaðri vinnslu ræktunarlandsins, aðrir óheppilegri áburð-arnotkun, og fleira mætti nefna.

Allt hefur þetta verið — og er — til athugunar hjá íslenzkum sérfræðingum, en engin von er til þess, að í einum svip verði fundin viðhlítandi og örugg lausn á svo viðtæku og margþættu vandamáli sem hér er óefað um að ræða. En eftir þeirri lausn geta þó þeir bændur ekki beðið, sem horft hafa á mikinn hluta túna sinna dauðkalinn ár eftir ár. Þeir þurfa, á meðan ólagið riður yfir, á aukinni aðstoð hins opinbera að halda, og þá aðstoð má ekki dragast að veita. Nái þetta frv. fram að ganga, sem verður ekki efað að óreyndu, geta ákvæði þess orðið til nokkurs stuðnings þeim fjölmörgu bændum, sem nú standa höllum fæti í viðureigninni við þann vágest, sem herjað hefur á ræktunarlönd þeirra undanfarin ár með svo áhrifa- og afleiðingaríkum hætti.

Sú aukna aðstoð við bændur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er fyrst og fremst í því skyni að örva grænfóðursræktun og votheysgerð. Grænfóðursræktun hefur færzt í aukana með ári hverju, aðallega til beitar, en einnig til vetrargjafar hin síðari ár. En þar sem eina úrræðið virðist vera að auka grænfóðursræktun, þar sem gróður-eyðingin hefur orðið, og grænfóður verður ekki fyrst um sinn verkað nema í vothey, þá leiðir það af sér, að byggja þarf votheysgeymslur og kaupa slátturtætara, svo að þessi breyting á fóðuröflun geti átt sér stað.

Flutningsmenn telja eðlilegt og raunar óumflýjanlegt, að þjóðfélagið leggi hér ögn af mörkum, til þess að þessi breyting geti átt sér stað.

Súgþurkkunin hefur fullkomlega sannað gildi sitt, en hún er enn þá fjarri því að vera svo útbreidd sem skyldi, og er það efalaust vegna kostnaðarins við að koma henni upp og ört versnandi afkomu bændastéttarinnar á liðnum árum. Er því lagt til, að sá styrkur, sem verið hefur og fellur úr gildi samkvæmt gildandi lögum nú í árslok, verði framlengdur óbreyttur.

Ætlazt er til, að breytingar þær á jarðræktarlögum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, gildi næstu 4 ár. Vonandi verður þá farið að rofa til í baráttunni við kalið og kemur þá til kasta Alþ. að meta það, hvort ákvæði frv. skuli gilda áfram eða ekki.

Frekari rök fyrir þessu frv. sjá flm. ekki ástæðu til að færa hér í grg., en vísa að öðru leyti til grg. fyrir frv. því, um breyting á lögum um framleiðnisjóð, sem nú liggur fyrir Alþ., fjallar um skyld atriði þeim, er um ræðir í þessu frv., og flm. þessa frv. eru meðflutningsmenn að.